



Svífðu litla, léttla blað ...

4. tbl., 3. árg. maí 2014
Skóladeild Akureyrar

Stöðumat í íslensku fyrir erlenda nemendur

Nú er ég búin að útbúa nýtt stöðumat í íslensku fyrir erlenda nemendur. Matið miðast við þá sem ekki hafa dvalið hér lengi og eru að byrja að tileinka sér nýtt tungumál. Það skiptist í þrjá hluta: Fyrst eru skráningarblöð þar sem kennari getur skráð kunnáttu nemanda í hverjum þætti, síðan koma skráð viðmið sem liggja til grundvallar matinu og loks eru fylgiskjöl sem kennarar geta notað við fyrirlögn. Einnig er gaman að nota önnur gögn í þessari fyrirlögn með nemendum til að auka fjölbreytni í vinnubrögðum og er sums staðar bent á hugsanleg gögn eða leiðir. Mjög gott er að leggja eitthvert mat af þessu tagi fyrir núna til að geta byrjað markvisst næsta haust þar sem frá er horfið í vor.

Matið er komið inn á vefinn og slóðin er: http://akmennt.is/erlendir/namsmat%20_vor%202014.pdf

Frá 2. bekk í Síðuskóla

Rætur nemenda í 2. bekk í Síðuskóla liggja víða. Í bekknum eru nemendur frá Ameríku, Íslandi, Kína, Kosóvó og Kenýa. Á síðustu vikum hafa krakkarnir skoðað heimskort og þá staði sem tengjast uppruna þeirra, með kennurum sínum, Möggu og Önnu Sigrúnu. Síðan var hringurinn þrengdur í Evrópu og þar var litla Ísland, Akureyri og Síðuskóli þar sem ólíkir nemendur sem koma víða að eru nú samankomnir.

Krakkarnir fengu gesti í heimsókn og hlustuðu t.d. á ævintýrið um *Geiturnar þrjár* á swahili og ljóð um stjörnurnar á albönsku. Þeir spurðu margs um lifnaðarhætti fólks í þessum löndum og mörg svörin komu þeim á óvart. Nemendur hafa haft mjög gaman af þessari vinnu og nú þekkja þeir heimsálfurnar sjö og hafa kynnst fjölbreytileika þeirra að einhverju leyti.

Heimsóknir og umræða af þessu tagi er góð leið til að kenna nemendum víðsýni og virðingu og skapa bekkjaranda þar sem fjölbreytileikinn er metinn, virtur og nýttur til góðs!

Hér eru nokkrar myndir frá vinnu nemenda:


Íslenska: Góðan dag!

Swahili: Hamjambo!

Kinverska: ni há!

Albanska: Mirdita

enska: good morning!



Orðin okkar	
heimsálfa,	veðurfar,
lönd,	hrísgrjón,
tungumál,	kjöt,
fólk,	kynþáttur,
land,	börn,
Japan,	krydd,
menning,	júdo,
matur,	silki,
jörðin,	hnöttur,
rusl,	trúarbrögð.



Sagan um *Geiturnar þrjár* á swahili.

Áhugasamir nemendur.



Ljóð um stjörnuarnar á albönsku.

... How do you like Iceland?

Ég heyrði þessa sígildu spurningu borna upp í viðtalsþætti í sjónvarpinu fyrir skemmstu og fór að sperra eyrun. Rætt var við konu sem hafði alist upp í fjarlægju landi en búið á Íslandi í nokkur ár. Svarið var „Ekki spyrja mig að þessu. Það er margt gott á Íslandi og mér finnst mjög gott að vera hér.“

Þetta góða svar minnti mig á mikilvægi **víðsýni og virðingar á báða vegu**. Við búumst svo oft við svarinu að hvergi sé jafn gott að vera í heiminum og á Íslandi. Við þurfum líka að muna eftir því að við þurfum vissa aðlögun að erlendum íbúum og menningu þeirra, á sama hátt og þeir þurfa að aðlagast okkar menningu og siðum. Um þetta segir Guðrún Pétursdóttir:

„Fjölmenningarleg kennsla þýðir sameiginlegur lærdómur/fræðsla fólks mismunandi þjóða, fólks með mismunandi menningarlegan og trúarlegan uppruna. Gengið er út frá nýjum kennslumarkmiðum, bæði fyrir meiri- og minnihlutahópa samfélagsins. Meirihlutahópurinn þarf t.d. að læra að viðurkenna afstæði eigin menningar (þ.e. að gera ráð fyrir að hún sé ekki endilega **best** þó að hún sé ágæt), læra að sýna samkennd og setja sig í spor annarra. Hann þarf að læra að skilja gagnkvæm not mismunandi menningar og læra að standa við hlið minnihlutans í þjóðfélaginu og berjast fyrir jöfnum rétti hans. Mikilvægt er fyrir minnihlutann að læra ákveðna aðlögun. Ekki þó aðlögun sem felst í samlögun og uppgjöf eigin gilda, heldur aðlögun sem gerir honum kleift að lifa í flóknu iðnaðar- og upplýsingasamfélagi.“

Guðrún Pétursdóttir. (1999). Er hægt að kenna börnum víðsýni og fordómaleysi? *Ný menntamál*, 3.tbl., 17. árg.


Umræður í fjölmiðlum um notkun móðurmáls erlendra nemenda í grunnskólum

Í fjölmiðlum hafa verið sagðar fréttir af því að erlendir nemendur fái ekki að nota móðurmál sitt í grunnskólum, fái ekki að lesa á móðurmáli sínu (t.d. í yndislestrartímum), ekki að spjalla saman á móðurmálinu og þurfi að læra dönsku í stað þess að fá móðurmál sitt metið í skólanum.

Ég hef því hugsað með ánægju til kennara í grunnskólum Akureyrar sem eru að vekja athygli á fjölda móðurmála nemenda í bekkjum sínum, um nemendur sem eru að skrifa ritgerðir í íslensku um bækur sem þeir lesa á móðurmáli sínu og kennara sem reyna að útvega nemendum bækur á móðurmáli í lesgreinum (t.d. landafræði og sögu) til að styðjast við, ásamt íslenska námsefninu. Á fundum með foreldrum eru þeir hvattir til að viðhalda móðurmálinu heima, **ásamt því að læra íslensku** sem er nauðsynlegt til að verða hluti af íslensku samfélagi.

Nýir erlendir nemendur

Erlendar fjölskyldur halda áfram að flytja til okkar og fyrir stuttu var einn nemandi með frönsku sem móðurmál að hefja nám í grunnskóla og verið var að innrita tvo pólska nemendur frá næsta hausti. Gott væri ef þið senduð mér tölvupóst þegar erlendir nemendur skrá sig í skólana í vor eða haust til að auðvelda skipulag og upphaf næsta skólaárs.



Nú þegar skólaárinu er að ljúka þakka ég fyrir skemmtilegt samstarf í vetur! Ég hef kynnst og unnið með skemmtilegum og duglegum nemendum og góðum kennurum. Hlakka til samstarfsins á næsta skólaári!

Njótið sumarsins! - Bestu kveðjur,

Helga

